

234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um vátryggingarsamninga.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um vátryggingarsamninga.

ÞEIR SEM NJÓTA VÁTRYGGINGARVERNDAR.

2. Þeir sem eru vátryggðir.

- 2.1 Vátryggingartaki er vátryggður. Auk vátryggingartaka njóta vátryggingarverndar þeir öikumenn, sem fengið hafa leyfi hans til að aka hinu vátryggða ökutæki og eru til þess færir samkvæmt umferðarlögum.
- 2.2 Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila en greinir í 1. mgr. (málsgrein), s.s. (svo sem) réttihafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum skráðum eða óskráðum eignarréttindum nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Vátryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

GILDISSVIÐ VÁTRYGGINGARINNAR.

3. Landfræðileg mörk vátryggingarinnar.

- 3.1 Vátryggingin gildir á Íslandi. Ennfremur gildir vátryggingin hvar sem er í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum, sbr. (samanber) þó 3. mgr. Gildistími erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem ökutækið er flutt frá Íslandi. Vátryggingin gildir ekki annars staðar í Evrópu eða í löndum utan Evrópu nema með samþykki félagsins. Sjá þó takmörkun í 5. gr. (grein). Bætur fyrir tjón greiðast eingöngu í íslenskum krónum.
- 3.2 Vátryggingin gildir jafnframt fyrir ökutækið í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða.
- 3.3 Vátryggingin gildir ekki fyrir atvinnutæki erlendis nema með samþykki félagsins og greiðslu viðaukagjalds.

4. Tjónsorsakir sem vátryggingin nær til.

- 4.1 Auk þeirra tjónstilvika, sem getur í 5. til 10. gr., bætir félagið skemmdir á hinu vátryggða ökutæki, sbr. 13. gr., sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum:
- eldingar,
 - eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingar sem stafar af honum,
 - áreksturs,
 - áaksturs,
 - veltu,
 - útafaksturs eða hraps ökutækisins,
 - grjóthruns,
 - snjóflóðs úr fjallshlíð,
 - skriðufalls,
 - aur- eða vatnsflóðs.
 - vatns, sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húsnæðis þar sem hið vátryggða er til geymslu.
 - hesta, nautgripa, sauðfjár og hreindýra utan afgirts beitarsvæðis.
- 4.2 Vátryggingin nær til sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, s.s. um tún eða engi, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í hið vátryggða ökutæki.

5. Stuldur – skemmdarverk.

- 5.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka.
- 5.2 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt þessari grein að félaginu og lögreglu sé strax tilkynnt um tjónið. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.



234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

6. Fok – óveður.

- 6.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu ef það fýkur eða ef vélarhlíf, kistulok eða hurðir fjúka upp. Einnig bætast aðrar skemmdir á ökutækinu af völdum ofsaveðurs hafi vindhraði náð 28,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignartjón hafi orðið á svæðinu. Tjón af völdum þess að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutæki bætist þó ekki.
- 6.2 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 6.1 gildir sérstök varúðarregla, sbr. skildaga nr. 2 við skilmála þessa, varðandi tiltekin ökutæki sé þess getið í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

7. Tjón við flutning ökutækis.

- 7.1 Félagið bætir skemmdir er verða á ökutækinu við flutning á því með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Skemmdir í sjóflutningi bætast þó ekki nema um árstryggingu sé að ræða. Tjón af völdum sjóbleytu bætist ekki.

8. Brot á rúðum ökutækis.

- 8.1 Félagið bætir brot á framrúðu, afturrúðu og hliðarrúðum ökutækisins, enda þótt skilyrði gr. 4.1, 5.1, og 6.1 séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.

9. Skemmdir á undirvagni.

- 9.1 Félagið bætir skemmdir á undirvagni ökutækis, hjólbörðum og felgum er hljótast af því að ökutækið rekst niður í akstri, ekið er í holu, grjót á vegi eða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnað ökutækisins sem þar er staðsettur, þ.m.t. rafhlöðu. Auk þess bætast skemmdir á undirvagni sem rekja má til vatnssöfnunar á bundnu slitlagi.

10. Skemmdir á palli vörubifreiðar.

- 10.1 Félagið bætir skemmdir er verða við það að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þá er honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki. Váttryggður ber þó 25% hærrí eigin áhættu en skráð er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

11. Flutningskostnaður.

- 11.1 Félagið greiðir kostnað við björgun og við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært af völdum áreksturs, áaksturs, veltu, útafaksturs eða skemmda á undirvagni skv. 9. gr. sem verður við akstur eftir vegum landsins.

12. Takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar.

- 12.1 Félagið greiðir ekki bætur þegar:
- tjón hlýst af því að váttryggður eða ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því sem um ræðir eða misst réttindi til að aka því,
 - um er að ræða kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið,
 - um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu,
 - ekið er annars staðar en á vegum landsins, svo sem túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur, þó að því undanskildu er skemmdir verða þegar ökumaður hefur neyðst til að aka út af akbraut, til dæmis vegna viðgerðar á vegi,
 - skemmdir hljótast af því að ökutæki er ekið í vatni eða sjó,
 - váttrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar,
 - skemmdir verða af efnisgalla hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða,

234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- h. ökutækið er fengið í hendur aðila sem er ófær til að aka skv. (samkvæmt) 48. – 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019,
 - i. skemmdir hljóttast af völdum annarra náttúruhamfara en þeirra sem getur í g. til j. liðum gr. 4.1 og 6. gr., svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sandfoks,
 - j. tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - k. skemmdir hljóttast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,
 - l. um er að ræða tjón af völdum dýra, sbr. þó l. lið gr. 4.1.
- 12.2 Auk þeirra takmarkana sem greinir í 1. mgr. gilda ennfremur sérstakar takmarkanir varðandi einstök tjónstilvik sem váttryggingin tekur til og nánar greinir í 4. til 10. gr. Einnig gilda sérstakar takmarkanir varðandi einstaka hluta hins váttryggða, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr.

13. Skemmdir á ökutæki sem bætast og einstakir hlutar sem ekki bætast.

- 13.1 Váttryggingin bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum og sílsalistum, sem eru varanlega tengd ökutækinu.
- 13.2 Váttryggingin bætir ekki:
- a. skemmdir er varða hjól, hjólbarða sbr. þó 9. gr., gler, annað en rúður sbr. 8. gr., svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækisins og skemmdir sem af því stafa,
 - b. skemmdir á rafbúnaði ökutækis er hljóttast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða,
 - c. skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttunnar,
 - d. skemmdir á undirvagni, hjólbörðum og felgum skv. 9. gr. sem rekja má til aksturs á F-merktum vegum eða slóðum auk þeirra takmarkana sem koma fram í d. lið gr. 12.1.
 - e. skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman,
 - f. skemmdir á auglýsingum og öðrum sérmerkingum.
 - g. skemmdir á einstökum hlutum ökutækisins sem eru skemmdir fyrir þegar váttryggingaratburður verður, svo sem vegna slits eða ónógs viðhalds eða eldra tjóns.
 - h. skemmdir vegna minni háttar ákomu á undirvagni, hjólbörðum og felgum ökutækis. Með minni háttar ákomu er átt við stakar rispúr eða núningsmerki og ekki verður formbreyting sem rýrir notagildi ökutækis.
- 13.3 Váttryggingin tekur ekki til neins aukaútbúnaðar ökutækisins, svo sem farsíma, talstöðva, staðsetningartækja, vörulyfta og krana vörubíreiða, skíðaboga og lausra farangursgrinda, nema um annað sé samið og þess getið í váttryggingarskírteini.

SKYLDUR VÁTRYGGÐS ER TJÓN VERÐUR.

14. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 14.2 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það með sannanlegum hætti.
- 14.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber váttryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 14.3 Svo unnt sé að taka ákvörðun um bótaskyldu úr váttryggingunni og umfang hennar eða vegna endurkröfu skal váttryggður varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráð eru í tölvubúnaði ökutækis eða aukabúnaði þess.
- 14.4 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1.- 3. mgr. getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.
- 14.5 Félagið leysist úr ábyrgð ef váttryggingartaki krefur það ekki um bætur innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan er reist á.

15. Framsal réttar – endurkröfuréttur.

- 15.1 Váttryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

VÁTRYGGINGARVERÐMÆTI – VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐ – TJÓNSUPPGJÖR – BÓTAÁKVÖRDUN.

16. Vátryggingarfjárhæð og vátryggingarverðmæti.

16.1 Vátryggingarverðmæti ökutækisins er ávallt markaðsvirði þess, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Verði ökutæki fyrir fleiri en einu tjóni á sama vátryggingartímabili skal fjárhæð bóta ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi vátryggingartímabilsins. Vátryggingarfjárhæð, sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, skal þó ætíð vera sú hámarksfjárhæð sem greidd er í bætur á hverju vátryggingartímabili.

17. Algert tjón.

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur, að teknu tilliti til vátryggingarverðmætis þess, sbr. 16. gr., að ekki borgi sig að gera við það,
- ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

18. Bætur fyrir algert tjón.

18.1 Verði algert tjón getur félagið valið hvort það bæti tjónið með því að:

- greiða markaðsvirði ökutækisins (gegn staðgreiðslu) þó að hámarki vátryggingarfjárhæðina, sbr. 16. gr., eða
- afhenda í stað hins vátryggða ökutækis annað ökutæki sömu tegundar og af sambærilegri gerð, aldri og gæðum, en sé slíkt ekki unnt að öllu leyti skal félagið einnig bæta með peningum markaðsvirði hins vátryggða ökutækis að fráregnu markaðsvirði hins afhenta ökutækis.

18.2 Við uppgjör skv. 1. mgr. getur félagið krafist afsals fyrir hinu vátryggða ökutæki.

19. Viðgerðarkostnaður.

19.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 17. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið.

19.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Mat á viðgerðarkostnaði skal fara fram á bifreiðaverkstæði, sem hefur starfsleyfi lögum samkvæmt. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.

19.3 Lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Sjá þó gr. 19.4. og 19.5.

19.4 Félagið greiðir útlagðan kostnað við leigu á bílaleigubifreið í minnsta stærðarflokki (t.d. Toyota Aygo, Fiat Panda, Volkswagen Up), í allt að fimm daga á meðan vátryggt ökutæki er í viðgerð vegna tjóns sem er bótaskyldt úr vátryggingunni.

19.5 Ef leitað er til viðurkennds Toyota þjónustuaðila vegna viðgerðar á hinu vátryggða ökutæki: (það er aðila með samning við Toyota á Íslandi sem viðurkenndur þjónustuaðili og starfar eftir nákvæmum gæðakröfum og hlotið hefur þjálfun þess efnis, sjá lista yfir viðurkennda Toyota þjónustuaðila á <https://www.toyota.is/um-toyota/soluadilar/index.json>.)

- er greiddur útlagður kostnaður við leigu á bílaleigubifreið í minnsta stærðarflokki allan þann tíma sem ökutæki vátryggingartaka er í viðgerð,
- eru notaðir viðurkenndir Toyota varahlutir vegna viðgerðarinnar.

20. Ökutæki í eigu rekstraraðila.

20.1 Sé ökutæki í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna ökutækisins sem innskatt í rekstri sínum, bætur félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón eða vegna viðgerðarkostnaðar.

234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

21. Endurnýjun einstakra hluta.

- 21.1 Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

BREYTING ÁHÆTTU RANGAR UPPLÝSINGAR OG VARÚÐARREGLUR O.FL. (OG FLEIRA).

22. Breyting á áhættu.

- 22.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af því hver notkun hins vátryggða ökutækis er samkvæmt því sem skráð er í vátryggingarskírteini og búsetu vátryggingartaka.
- 22.2 Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Vátryggingartaki skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér breytingu á áhættu, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar.
- 22.3 Ef vátryggt ökutæki er leigt án öikumanns með milligöngu einkaleigu, sbr. lög nr. 65/2015 um leigu skáningskyldra ökutækja og reglugerð nr. 840/2015 um sama efni, skal félaginu tilkynnt slíkt án tafar, enda ákvarðast iðgjaldið og eigin áhætta vátryggingartaka í samræmi við hina breyttu notkun eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.
- 22.4 Vanræki vátryggingartaki tilkynningarskyldu sína skv. 1.-3. mgr. og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækka bætur að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar og, eftir atvikum, að teknu tilliti til breyttrar eigin áhættu vátryggingartaka skv. 3. mgr.

23. Svik og rangar upplýsingar.

- 23.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 23.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

24. Varúðarreglur.

- 24.1 Vátryggðum og þeim sem hafa ökutækið með höndum er skylt að gæta þess að það sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki í lagi. Jafnframt skal séð til þess að ökutæki sé laust við hvers konar slit sem getur aukið hættu á að tjónsatburður verði og að því sé haldið við í samræmi við fyrirmæli framleiðanda, þ. á m. þjónustuhandbók sem byggir á slíkum fyrirmælum framleiðanda.
- 24.2 Vátryggðu ökutæki skal einungis ekið af þeim sem hefur réttindi til að aka því og hefur til þess hæfni og kunnáttu. Ökumaður skal ætíð vera líkamlega og andlega fær til að stjórna ökutækinu og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
- 24.3 Þegar enginn er í hinu vátryggða ökutæki skal því læst og gluggar og önnur op skulu vera tryggilega lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á öruggum stað til að hindra að þeir komist í hendur óviðkomandi aðila.
- 24.4 Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

25. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 25.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

26. Háttsemi annarra en vátryggðs. Samsömun.

- 26.1 Hafi vátryggingaratburður orðið og stjórnandi ökutækisins, sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir ökutækinu, valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um vátrygginguna gilda, er félaginu heimilt, eins og lög leyfa, að skerða eða fella niður bætur til vátryggðs.



234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

26.2 Stundi vátryggður atvinnustarfsemi er félaginu heimilt að lækka eða fella niður bætur til hans hafi stjórnandi ökutækisins valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um vátrygginguna gilda.

GILDISTÍMI, IÐGJALD O.FL.

27. Gildistími vátryggingarinnar.

27.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu samkvæmt vátryggingarbeiðninni. Ef vátryggingarskírteini hefur ekki verið gefið út gengur vátryggingin í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess hefur fengið vátryggingarbeiðnina í hendur og skoðað ökutækið nema um annað sé samið. Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

28. Framlenging vátryggingarinnar og uppsögn.

28.1 Vátryggingin framlengist um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 29.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

28.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.

29. Greiðsla iðgjalds.

29.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi, sbr. gr. 27.1, og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

29.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

29.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

29.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

29.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. fer um uppgjör iðgjalds skv. 30. gr. skilmála.

29.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

30. Uppgjör á iðgjaldi þegar vátryggingin fellur úr gildi á vátryggingartímabilinu.

30.1 Falli vátryggingin úr gildi á vátryggingartímabilinu skal vátryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu hlutfallsreglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og vátryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir ekki þegar iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu og þess getið í vátryggingarskírteini að um árstíðabundið iðgjald er að ræða og gildir þá gr. 30.2.

30.2 Falli vátryggingin úr gildi á vátryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í vátryggingarskírteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal vátryggingartaki greiða iðgjald miðað við það samanlagða hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í vátryggingarskírteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og vátryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	Flokkur 1 (t.d. vélsleðar)	Flokkur 2 (t.d. mótörhjól)	Flokkur 3 (t.d. fjórhjól)	Flokkur 4 (t.d. fornbílar)	Flokkur 5 (t.d. húsbílar)
janúar	14%	2%	2%	4%	3%



234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

febrúar	23%	2%	4%	4%	3%
mars	23%	3%	4%	5%	5%
apríl	15%	6%	4%	10%	7%
maí	8%	14%	4%	12%	12%
júní	2%	16%	13%	14%	20%
júlí	2%	16%	17%	14%	20%
ágúst	2%	16%	17%	12%	12%
september	2%	14%	22%	12%	7%
október	2%	6%	9%	5%	5%
nóvember	2%	3%	2%	4%	3%
desember	5%	2%	2%	4%	3%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

30.3 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón lýkur váttryggingunni þegar gengið er frá tjónsuppgjöri svo fremi að váttryggingin hafi ekki fallið niður áður af öðrum ástæðum. Váttryggingartaki á ekki rétt til endurgreiðslu ef svo stendur á.

31. Sala ökutækis og afskráning.

31.1 Váttryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar sé ökutækið afskráð eða selt, enda gildir váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, sbr. þó gr. 2.2. Sé ökutækið selt eða afskráð fer um uppgjör iðgjalds skv. 30. gr. skilmála.

32. Iðgjaldsákvörðun.

32.1 Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska iðgjaldagrundvellingnum. Slíkar breytingar veita hvorki váttryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

33. Uppsagnarréttur félagsins.

33.1 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Ljúki váttryggingu með þessum hætti fer um uppgjör iðgjalds skv. 30. gr. skilmála.

GREIÐSLA BÓTA, EIGIN ÁHÆTTA OG VARNARÞING.

34. Greiðsla bóta og vextir.

34.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttrygður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

34.2 Bætur greiðast aðeins í íslenskum krónum án tillits til þess hvar váttryggingaratburður verður.

35. Eigin áhætta.

35.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í gildandi váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

36. Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).

36.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

36.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.



234 Kaskótrygging Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 36.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 36.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

SKILDAGAR

Eftirfarandi skildagar gilda ef þeirra er getið í skírteini eða iðgjaldskvittun:

Númer 1. Sérútbúnaður ökutækis (húsbílar).

Váttryggingin nær til innréttinga ökutækisins svo og annars fasttengds búnaðar svo sem eldavélar, ísskáps, sjónvarps og hljómfletningstækja. Váttryggingin nær ekki til innbús eða annarra lausra muna eða hluta.

Númer 2. Sérstök varúðarregla vegna aksturs í óveðri eða við erfið akstursskilyrði.

Ekki skal aka ökutækinu á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist yfir 24,5 m/s samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Brot gegn varúðarreglu þessari getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 29. júní 2022